

Föstudaginn 16. desember 1988.

Nr. 312/1988. **Ákærvaldið**(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn**Hirti Ingbórssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1988 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds.

Af ákærvaldsins hálfu er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá leið, að ákærði hljóti sekt í stað varðhalds. Þá er krafist málsvarnarlauna.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Hjörtur Ingbórsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. ágúst 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 24. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 452/1988: Ákærvaldið gegn Hirti Ingbórssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 28. júlí 1988 gegn ákærða, Hirti Ingþórssyni pípulagningamanni, til heimilis að Bröndu- kvísl 17, Reykjavík, fæddum 10. janúar 1965 í Reykjavík, „fyrir að aka föstudaginn 8. apríl 1988, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R-39776 um götur í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Elliðavogi. Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Föstudaginn 8. apríl 1988 ók ákærði bifreiðinni R-39776 um götur Reykjavíkur, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Elliðavogi. Ákærði var tekinn tali og viðurkenndi hann þegar að hann væri sviptur ökuréttindum ævilangt.

Í skýrslu sem ákærði gaf hjá lögreglu kl. 13:58 sama dag viðurkenndi hann réttindaleysi við akstur og kvaðst hafa verið sviptur ævilangt ökuréttindum árið 1985. Ákærði kvað akstur sinn þenan dag stafa af sérstöku tilefni og kvaðst ekki hafa ekið bifreið síðan hann var sviptur ökuréttindum.

Við meðferð málsins fyrir dómi bar ákærði á sama veg og í skýrslum hjá lögreglu. Hann viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni R-39776 um götur Reykjavíkur þann 8. apríl sl., sviptur ökuréttindum ævilangt, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Elliðavogi.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:
1985 22/7 í Reykjavík. Sátt: 9.000,00 kr. sekt f. brot g. 25. gr., 49. og 50. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 4 mán. frá 1/7 1983.

1985 1/3 í Reykjavík. Dómur: 18.000,00 kr. sekt f. brot g. 1. og 2. sbr. 3. mgr. 25., 1. mgr. 27. gr., 4. mgr. 48. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 1/3 1985.

1986 7/3 í Reykjavík. Sátt: 12.000,00 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

1986 11/11 í Reykjavík. Sátt: 24.000,00 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

1987 10/8 í Reykjavík. Sátt: 6.000,00 kr. sekt f. brot g. 244. gr. og 256. gr. hgl.

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30 daga varðhald.

Pá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, með vísan til l. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hjörtur Ingþórsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 16. desember 1988.

Nr. 317/1988. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararikissaksóknari)

gegn

Sigdóri Ólafi Sigmarssyni

(Skúli Pálsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða með stefnu 20. september sl. og jafnframt af hálfu ákærvalds. Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms á sakfellingu ákærða og á greiðslu sakarkostnaðar í héraði, en refsing ákærða verði, að teknu tilliti til skilorðsrofa á reynslulausn frá 16. desember 1985 á óafplánuðum eftirstöðvum refsingar, 75 dögum, þyngd og ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist að refsing verði ákveðin lágmarkssekt og að honum verði ákveðin málsvarnarlaun.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu til refsíakvæða.

Dómar frá 17. maí 1983 og 22. janúar 1985 svo og dómsátt frá 2. apríl 1987 hafa ekki itrekunaráhrif varðandi refsingu hans, þar